

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 20. febrúar kl. 12:20 var haldinn 104. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sat fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi, dags. 18. febrúar sl. um verðbætur óverðtryggðra verksamninga ásamt minnisblaði LEX lögmannsstofu dags. 2. febrúar um skuldbindingargildi óverðtryggðra verksamninga í ljósi þróunar verðlags og óstöðugs gengis íslensku krónunnar. Tillaga í málinu dags. 21. janúar 2009 einnig lögð fram til kynningar.

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri mannvirkjaskrifstofu framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, kom á fundinn og gerði grein fyrir samkomulagi Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins dags. 23. desember 2008 og samkomulagi sömu aðila um útreikning verðbóta dags. 20. janúar 2009, ásamt fylgiskjali.

Vigdís Hauksdóttir tók sæti Júlíusar Vífils Ingvarssonar á fundinum kl. 12:40

2. Lagt fram samkomulag Orkuveitu Reykjavíkur og Jarðaborana hf., um breytingu á framkvæmdahraða og fjármögnun, undirritað með fyrirvara um samþykki stjórnar 9. febrúar s.l.

Samþykkt með ábendingu um orðalag í lok 2. gr. samkomulagsins.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga og greinargerð forstjóra, dags. 18. febrúar sl. um lagningu Hellisheiðaræðar og málefni Klæðningar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitir forstjóra heimild til að rifta verksamningum við Klæðningu ehf. um verkin *HH-IV04 Hellisheiðaræð og Engidalsæð* og *HH-IV02 Dælustöð og stýrihús á Reynisvatnsheiði* vegna verulegra vanefnda við framkvæmd verkanna, enda hafi verktaka ekki tekist, fyrir 27. febrúar næstkomandi, að sýna fram á getu sína og styrk til að klára verkin samkvæmt verksamningnum.

Tillögunni fylgir greinargerð ásamt bréfi Verkfræðistofunnar Mannvits, dags. 17. febrúar 2009 og greinargerðum Verkís dags. 17. febrúar um Hellisheiðaræð og Engidalsæð og greinargerð Verkís dags. 5. febrúar um dælustöð og stýrihús á Reynisvatnsheiði.

Frestað.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 18. febrúar sl.:

Lagt er til að vanskilgjald og ítrekunargjald verði fellt niður.

Þess í stað verði tekið gjald fyrir innheimtuviðvörðun kr. 900,00

Gjald fyrir innheimtuviðvörðun verði gjaldfellt 20 dögum eftir gjalddaga/eindaga reiknings.

Innheimtuviðvörðun verður send 10 dögum eftir gjalddaga/eindaga og verður gjald fyrir innheimtuviðvörðun ekki innheimt ef krafan er greidd innan 20 daga frá gjalddaga/eindaga.

Tekið verði upp gjald fyrir milliinnheimtubríf samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar frá 21. janúar 2009.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir sitja hjá.

5. Forstjóri greindi frá væntanlegu útboði á smíði stöðvarhúss fyrir vélar 5 og 6 við Hellisheiðarvirkjun.
6. Ný lög á orkusviði.  
Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 18. febrúar sl.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fara þess á leit við iðnaðarráðherra að hann hlutist til um að flutt verði frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga nr. 65/2003, m.s.br., sbr. a-lið 4. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 58/2008, til 1. janúar 2010.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Jafnframt lögð fram ódags. kynning um kosti og galla nokkurra útfærslna á skipan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur m.t.t. uppfyllingar nýrra laga á orkusviði.

7. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga Sigrúnar Elsu Smáradóttur, dags. 23. janúar sl., um skipun starfshóps vegna raforkusölu til stórnotenda:

Stjórn OR samþykkir að skipaður verði starfshópur, sem falið verður að fara yfir þá kosti sem mögulegir eru í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera.

Frestað.

Vigdís Hauksdóttir vék af fundi kl. 14:10.

8. Lögð fram skýrsla innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8. janúar sl. um endurskoðanir og úttektir hjá Orkuveitu Reykjavíkur árið 2008.  
Ennfremur lögð fram tvö minnisblöð innri endurskoðanda OR, dags. í febrúar 2009.

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 18. febrúar sl., um styrk á tilraunaeldi á Tilapia:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að styrkja tilraunaeldi á Tilapia í Þorlákshöfn sem nemur áætlaðri heitavatnsnotkun í 12 mánuði. Um er að ræða upphæð sem nemur 1.250 til 2.500 þúsund krónum sé miðað við verðskrá OR fyrir heitt vatn til fiskeldis. Engin fjárfesting er nauðsynleg að hálfu Orkuveitu Reykjavíkur vegna tilraunaeldis.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

10. Önnur mál.

- Forstjóri gerði grein fyrir stöðu innheimtu og vanskila. Rætt um stöðu heimila og fyrirtækja í ljósi efnahagsástands.
- Staða uppbyggingar í Helguvík rædd í ljósi tilkynningar um afkomu Century Aluminium 2008.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir óska bókað:

Fram hefur komið að staða Century Aluminium er verulega erfið og jafnframt að fyrirtækið tapaði um 700 milljónum bandaríkjadala á síðasta ársfjórðungi nýliðins árs.

Í upphafi mánaðarins tilkynnti Century lokun á álveri með 170 þúsund tonna ársframleiðslugetu í Vestur-Virginínufylki í Bandaríkjunum til að bregðast við efnahagsástandi í heiminum og hrífðfallandi heimsmarkaðsverðs á áli. Þar misstu 679 manns vinnuna.

Einnig hefur komið fram í fjölmiðlum að Helguvíkurverkefnið sé í endurskoðun frá grunni hjá fyrirtækinu og frekari framkvæmdum þar frestað í bili.

Af þessum sökum er verulega brýnt að hugað verði að öðrum möguleikum til að ráðstafa þeirri orku sem Orkuveita Reykjavíkur hefur bundið í samningi við Century Norðurál og fara yfir alla aðra kosti sem mögulegir eru til annarra stórnotenda en álvera samanber fyrirliggjandi tillögu.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 27. febrúar kl. 12:00.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 15:00.**

Guðlaugur G. Sverrisson,  
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir,  
Svandís Svavarsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.